

Nefndarálit

um frv. til l. um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

Frá 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Ákvæðin sem þetta lagafrumvarp hefur að geyma er flest að finna í VI. og VII. kafla gildandi samkeppnislaga. Í frumvarpinu er lagt til að verkefni sem lúta að eftirliti með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins verði færð frá samkeppnisyfirvöldum til Neytendastofu. Samhliða þessu frumvarpi eru lögð fram tvö önnur frumvörp, þ.e. frumvarp til nýrra samkeppnislaga og frumvarp til laga um Neytendastofu og talsmann neytenda. Gagnrýni 2. minni hluta á þetta frumvarp lýtur fyrst og fremst að hinu stærra samhengi og er vísað í umfjöllun 2. minni hluta um frumvarp til samkeppnislaga hvað þetta snertir. Annar minni hluti vill vekja athygli á athugasemdum sem bárust efnahags- og viðskiptanefnd frá samtökum launafólks og lúta sérstaklega að mikilvægi þess að vernda börn fyrir óæskilegu áreiti af auglýsingum.

Full ástæða er til að huga alvarlega að því hvernig hægt er að bæta „auglýsingamenninguna“ í landinu. Í lögum er að finna ýmis ákvæði um auglýsingar og er að sjálfsögðu mikilvægt að eftir þeim sé farið. Það kann ekki góðri lukku að stýra að setja lög sem síðan eru hunsuð af óprúttum aðilum eins og þekki nú varðandi auglýsingar á áfengi. Eflaust ræðst auglýsingasiðferði aðeins að hluta til af lögum en fyrst og fremst af vilja manna til að virða þau og vilja framkvæmdarvaldsins til þess að sjá til þess að lögunum sé framfylgt.

Gagnvart einum hópi þarf löggjafinn að standa sérstakan vörð, með skýrum lögum sem síðan þarf að fylgja vel eftir í framkvæmd. Þessi hópur eru börnin. Að þeim er auglýsingum beint í sívaxandi mæli og börn eru einnig í sívaxandi mæli notuð í auglýsingum. Umboðsmaður barna hefur sett fram það sjónarmið að mikilvægt sé að lögfesta skýrari ákvæði um auglýsingar sem beinast að börnum en þau sem er að finna í núverandi löggjöf. Ákvæði þessa efnis er að finna í 22. gr. gildandi samkeppnislaga og er 8. gr. þessa frumvarps samhljóða henni. Umboðsmaður barna vill að hert sé á þessu lagaákvæði og það gert skýrara. Bæði ASÍ og BSRB taka undir ábendingar umboðsmanns barna hvað þetta varðar í umsögnum sínum um frumvarpið og eru þær birtar sem fylgiskjal með þessu álit.

Alþingi, 6. maí 2005.

Ögmundur Jónasson,

Fylgiskjal I.**Umsögn frá Alþýðusambandi Íslands**
(11. apríl 2005.)

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, 591. mál.


Frumvarpið er lagt fram í þeim tilgangi að skilja að eftirlit með samkeppnishömlum annars vegar og eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins hins vegar. Alþýðusamband Íslands styður það meginmarkmið frumvarpsins að aðskilja þessa þætti sem nú heyra báðir undir Samkeppnisstofnun. Alþýðusambandið telur mikilvægt að auka vægi neytendamála og efla neytendavernd hér á landi.

Alþýðusamband Íslands telur að styrkja þurfi 8. gr. frumvarpsins en þar er m.a. fjallað um auglýsingar og börn, greinin er samhljóða 22. gr. í núverandi samkeppnislögum. Umboðsmaður barna hefur bent á að nauðsynlegt er að styrkja þetta ákvæði. Skýr viðmið um markaðssetningu gagnvart börnum þurfa að vera til. Umboðsmaður barna hefur m.a. bent á að börn verða sífellt vinsælli markhópur og auglýsingum er í auknum mæli beint að þeim. Auglýsingar á vörum sem höfða sérstaklega til barna eru hafðar á undan barnaefni í sjónvarpi og börn eru þannig notuð til að hafa áhrif á innkaup foreldranna. Börn eru einnig mikið notuð í auglýsingum t.d. til að auglýsa óhollustu og höfða þannig m.a. til annarra barna. Fyrirtæki nota einnig börn í auglýsingum sínum til þess að skapa ákveðna "mjúka" ímynd af fyrirtæki sínu þrátt fyrir að verið sé að auglýsa vörur sem ekki tengjast börnum í raun. Auk þessa er ekki óalgengt að

ofbeldi og dónaskapur komi fyrir í auglýsingum sem auðveldlega verða á vegi barna.

Alþýðusamband Íslands leggur á það áherslu að greinin verði styrkt og að settar verði skýrari reglur varðandi auglýsingar og markaðssetningu gagnvart börnum.

F.h. Alþýðusambands Íslands



Henny Hinz
Hagfræðingur

Fylgiskjal II.**Umsögn frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja.**

(22. apríl 2005.)

BSRB vill beina athugasemdum sínum að 8. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um auglýsingar og telur nauðsynlegt að settar verði miklu skýrari og ítarlegri reglur varðandi auglýsingar sem beinast að börnum en þarna er lagt til. Greinin er samhljóða 22. grein í núgildandi samkeppnislögum. Umboðsmaður barna hefur margítrekað bent á nauðsyn þess að setja inn í lagatexta eða reglugerð skýrari ákvæði varðandi auglýsingar sem höfða til barna og styður BSRB álit hans og telur mikilvægt að tekið sé tillit til sjónarmiða Umboðsmanns.

BSRB leggur til að efni 8. gr. frumvarpsins verði endurskoðað með hliðsjón af áliti Umboðsmanns barna og í samráði við hann.

f.h. BSRB



Svanhildur Halldórsdóttir